

Alþingi  
Erindi nr. Þ 127/544  
komudagur 18.12.2001



ÁFENGIS- OG  
VÍMUVERNARÁÐ

Félagsmálanefnd Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. desember 2001

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu félagslegs forvarnastarfs, þskj. 14 – 14. mál 127. löggjafarþing 2001 - 2002.**


Áfengis- og vímuvarnaráð þakkar félagsmálanefnd fyrir að fá ofangreinda þingsályktunartillögu til umsagnar. Ráðið leggur til að Forvarnasjóður verði eflður í stað þess að efna til nýs átaks eða verkefnis með hliðstæðan tilgang og hlutverk. Verði af þessu nýja verkefni hlýtur stjórn Forvarnasjóðs að endurmeta áherslur sínar með tilliti til nýs vettvangs.

Mikilvægi virks, heilbrigðs félags- og íþróttastarfs í aðgerðum til að berjast gegn notkun ávana- og fíkniefna, þroska félagsvitund og bæta andlegt og líkamlegt heilbrigði ungs fólks verður seint ofmetið. Áfengis- og vímuvarnaráð fagnar öllum tillögum sem snúa að því að efla félagslegt forvarnastarf.

Hins vegar bendir ráðið á að Forvarnasjóður, sem skilgreindur er í lögum um gjald á áfengi nr. 96/1995, og er í vörslu áfengis- og vímuvarnaráðs, skv. lögum um ráðið nr. 76/1998, er ætlaður til að styrkja verkefni á sviði áfengis- og vímuvarna. Styrkjum úr sjóðnum er gjarnan varið til verkefna og starfs í sveitarfélögum á vegum félagsmiðstöðva, ungmenna- og íþróttahreyfingarinnar, nemendafélaga, skáta, tómstundafélaga og trúfélaga. Stefnt hefur verið að því að efla frumkvæði til forvarnastarfs í hverju byggðarlagi því misjafnt er hvað hentar á hverjum stað og hvaða þekking og úrræði eru fyrir hendi. Í Forvarnasjóði hafa á undanförunum árum verið 70 – 80 milljónir kr. Hluti af því fé fer til rekstrar ráðsins en megnið fer til fjölbreyttra verkefna samanber meðfylgjandi yfirlit yfir styrki árið 2001. Áhersla er lögð á að fylgjast með framgangi verkefna sem njóta styrkja og að meta árangur þeirra.

Auk þess er ástæða til að vekja athygli á könnunum á lífsstíl ungs fólks sem á undanförunum árum hafa verið lagðar fyrir í efstu bekkjum grunnskóla, fyrst af Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála en síðari ár af Rannsóknunum og greiningu ehf. Áfengis- og vímuvarnaráð stendur að þessum könnunum ásamt fleirum. Niðurstöður þeirra gefa mikilvægar upplýsingar um viðfangsefni unglunga á Íslandi. Þær benda enn fremur til að markviss handleiðsla fullorðinna skipti mestu til að hvers kyns félagsstarf meðal unglunga hafi forvarnagildi. Um þessar niðurstöður fjalla dr. Þórólfur Þórlindsson, Kjartan Ólafsson, Viðar Halldórsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir m.a. í bókinni Félagsstarf og frístundir íslenskra unglunga sem Æskan gaf út árið 2000.

Virðingarfyllst,

  
Áfengis- og vímuvarnaráð,  
Þorgeirur Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri

BARÓSSÍÐ 47 · 101 Reykjavík · Sími 585 1470 · vímuvarnir@hr.is · www.vimuvarnir.is



Félagsmálanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. febrúar 2002

Vísað er til bréfs félagsmálanefndar, dags. 28. nóvember sl., þar sem beðið er um umsögn Biskupsstofu um tillögu til þingsályktunar um eflingu félagslegs forvarnarstarfs, 14. mál.

Starfsmenn kirkjunnar, prestar, djáknar og æskulýðsleiðtogar verða víða varir við þann mikla vanda sem stafar af fíkniefnaneyslu. Mörg dæmi eru um fíkniefnaneyslu hjá börnum allt niður fyrir fermingaraldir.


Í starfi sínu leggur þjóðkirkjan upp úr því að rækta með börnum og ungu fólki jákvæða lífssýn, sjálfsskoðun og sjálfsstyrkingu sem eru eflaust einhverjar bestu forvarnirnar gegn hvers kyns fíkn. Kirkjan er boðberi trúar og siðferðis. Heilbrigð trú sem leggur áherslu á jákvætt viðhorf til tilverunnar, skapgerðarstyrkingu og gott sjálfsmat. Slík lífsgildi eru sennilega einhver áhrifamesta forvörnin sem hægt er að hugsa sér, að ekki sé minnst á þátt trúarinnar þegar fólk er að losna úr viðjum fíknar.

Kirkjan hefur líka átt sinn þátt í þeirri ánægjulegu þróun sem víða er að verða þar sem félagasamtök taka sig saman á hverfis- eða byggðavísu til að vinna betur að forvörnum meðal barna og unglinga. Þetta starf hefur þegar borið þann sýnilega árangur í s.k. foreldrarölti, að halda börnum í elstu bekkjum grunnskóla utan þess vettvangs þar sem hætta er á að börn ánetjist fíkn.

Á hinn bóginn hefur starfsfólki kirkjunnar þótt á vanta að fylgja eftir starfi fyrir ungt fólk, kannski ekki síst á framhaldsskólaaldri, þar sem að tekið væri á ýmsum spurningum um lífið og tilveruna, siðferði, fíkn, sjálfsvíg. Drög hafa verið lögð að prógrami fyrir ungt fólk á framhaldsskólaaldri sem miðaðist við það að mæta þessu unga fólki þar sem það er statt, gefa því vettvang til að glíma við spurningar tilverunnar á þeirra eigin forsendum, en í þeirri von að það velji sér sjálft heilbrigð lífsgildi. Fjárskortur hefur þó hamlað þeim áformum. Það væri því fagnaðarefni fyrir allt starfsfólk þjóðkirkjunnar sem kemur að málefnum barna- og unglinga ef fé fengist til að styrkja félagsstarf og forvarnir fyrir þessa aldurshópa.

Það ber að fagna þessari tillögu til þingsályktunar um eflingu félagslegs forvarnarstarfs sem fram er kominn.

Virðingarfyllst, f. h. Kirkjuráðs

  
Guðmundur Þór Guðmundsson  
Framkvæmdastjóri Kirkjuráðs

Alþingi  
Erindi nr. 127/573  
komudagur 2.1.2002



HEILBRIGÐIS- OG  
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Laugavegur 116, 150 Reykjavík,

Sími: 560 9700, Bréfsími: 551 9165,

netfang: postur@htr.stjr.is

Alþingi  
Hildur Njarðvík, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 3. desember 2001  
Tilvísun: HTR01110272/0030  
HP/--

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu hefur borist bréf Félagsmálanefndar Alþingis dags. 28. nóvember 2001 þar sem ráðuneytinu er send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um félagslegt forvarnarstarf.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra mun svara munnlega úr ræðustól verði ástæða til, þegar tillaga þessi kæmur til umræðu.

f.h.r.

Hrafn Pálsson deildarstjóri.

Alþingi  
Erindi nr. P 127/543  
komudagur 2.1. 2002

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um eflingu félagslegs forvarnarstarfs.**

Undirritaður hefur lesið yfir tillögu til þingsályktunar um eflingu félagslegs forvarnastarfs.

Ég tel þetta vera gott mál og tímabært. Hvítasunnukirkjan á Íslandi hefur unnið mikið að forvarnastörfum og stór þáttur í starfsemi okkar er að hjálpa fólki sem lent hefur í viðjum vímunnar.

Ég styð því þessa þingsályktunartillögu.

Virningafyllst,



Vörður Leifur Traustason  
forstöðumaður  
Hvítasunnukirkjunnar Fíladelfíu  
í Reykjavík



**Fíladelfía**

ÍSÍ ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBAND ÍSLANDS

THE NATIONAL OLYMPIC AND SPORTS ASSOCIATION OF ICELAND


Íþróttamiðstöðinni Laugardal, Engjavegi 6, 104 Reykjavík,

Sími/Tel. +354 514 4000, Fax +354 514 4001, isi@isisport.is, www.isisport.is

Alþingi

Erindi nr. P 127/519

komudagur 14.12.2001



Félagsmálanefnd Alþingis  
c/o Helgi Njarðvík  
Nefndarritari


v: umsögn um þál um eflingu félagslegs forvarnarstarfs

Frá Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands

Framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur kynnt sér tillöguna og greinagerð með henni. Framkvæmdastjórnin mæ lir heilshugar með samþykkt tillögunnar

Reykjavík 12. desember 2001

f.h. Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands



Ellert B Schram

forseti

ÓLYMPIUFJÖLSKYLDAN

Alþingi  
Erindi nr. P 127/557  
komudagur 2.1.2002



Reykjavík, 18. desember 2001

Félagsmálanefnd Alþingis  
b/t Hildar Njarðvík, ritara  
150 Reykjavík

**Efni: Athugasemdir við  
tillögu til þingsályktunar um eflingu félagslegs forvarnarstarfs**

KFUM og KFUK fagnar því að fram skuli vera komin tillaga sem virðist hafa það að markmiði að efla félagslegt forvarnarstarf. Jafnframt þökkum við þetta tækifæri til að bregðast við framkominni tillögu. Hér á eftir eru nokkrar athugasemdir frá félögnum:

1. Tillagan sjálf er óljós

Okkur virðist sem þarna sé verið að leggja til að unnin verði rammaáætlun um eflingu félagslegs forvarnarstarfs. Þessi rammaáætlun á að fela í sér:


- a) Úttekt á því félagsstarfi sem fyrir er og
- b) Tillögugerð um með hvaða hætti vænlegast sé að efla félagsstarf þannig að árangur náist. Síðan er lagt til að til þessa skuli verja allt að 75 milljónum króna á árinu 2001 (sem reyndar er nær líðið) og síðan allt að 200 milljónum árlega í fimm ár. Spurningin er - á allt þetta fé að fara í rammaáætlun, úttekt og tillögugerð - eða á að verja þessu fé til að framkvæma í samræmi við niðurstöður úttekta og tillögugerða. Þetta orðalag "framkvæmd átaksins" er villandi. Við hljótum að gera ráð fyrir að það fé sem þarna er verið að ræða um, fari ekki bara í áætlana- og tillögugerð heldur fari í vasa þeirra sem eru að vinna að slíku starfi svo það komi unglíngunum beint til góða.

2. Athugasemdir við greinagerðina.

Þegar greinagerðin með tillögunni er skoðuð vekur athygli að langstærstur hluti hennar fer í að ræða um félagsmiðstöðvar sem sveitafélögin reka og mikilvægi þeirra í félagslegu forvarnarstarfi. Af henni mætti skilja að megintilgangurinn með þingsályktunartillögunni væri sá að fá viðbótarfé til reksturs félagsmiðstöðvanna. Ef það er tilgangur þingsályktunartillögunnar til hvers á þá að gera úttekt og leggja fram tillögu til útbóta ef fyrirfram er búið að gefa sér niðurstöðu þeirra?

KFUM og KFUK eru frjáls félagasamtök, æskulýðshreyfing sem starfað hefur í yfir eina öld að málefnum barna, unglínga og ungs fólks. 7-9.000 börn og unglíngar tengjast starfi KFUM og KFUK á hverju ári, í þéttbýli og í sumarbúðum þeirra, auk fullorðinna. Í starfi félaganna fær ungt fólk þjálfun í félagslegri færni, en jafnframt er lagður grunnur að trúarþroska þess og síðferðislegu gildismati sem byggir á kristinni trú. Við teljum að í því felist meðal annars hið sterka forvarnargildi starfs félaganna.

Virðingarfyllst, f.h. KFUM og KFUK,

  
Kjartan Jónsson,  
framkvæmdastjóri KFUM og KFUK í Reykjavík  
Netfang: [kjartan@kfum.is](mailto:kjartan@kfum.is)

KFUM og KFUK  
í Reykjavík  
Holtavegi 28  
Pósthólf 4060  
124 Reykjavík  
Sími 588 88 99  
Fax 588 88 40



KROSSINN

Alþingi  
Erindi nr. P 127/423  
komudagur 10.12.2001


Kópavogur 6.12. 2001.

Efling félagslegs forvarnarstarfs.

Hér er á ferðinni þörf tillaga. Félaglegt forvarnarstarf þarf að efla og að tryggja með öllum ráðum að þeir félagslegu valkostir sem börnum og ungmennum er boðið upp á séu með ÖLLU lausir við vímuefnaneyslu. Því miður hefur verið misbrestur á slíku. Þeir sem sinna umsjón og stýra félagslegu starfi meðal ungmenna þurfa að fá þjálfun og fræðslu varðandi þann vanda sem við er að glíma og stuðning til að hafa réttar áherslur í gangi hverju sinni.

Við hér í Krossinum erum reyndar nú um þessar mundir að hleypa af stokkunum átaki undir heitinu "Forte - vímulaus lífstíll" sem hefur það að markmiði sínu að búa til vettvang fyrir ungmenni til að sinna sínum hugðarefnum án vímuefna. Okkur er ljóst að félaglegt forvarnarstarf og "innræting" eru m. a. þeir þættir sem menn þurfa að hyggja að til að ná meiri árangri í glímunni við vímunu.

Með vínsemd og virðingu



Gunnar Þorsteinsson.

Alþingi  
Erindi nr. P 127/397  
komudagur 7.12.2001



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS  
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Kópavogi, 6. desember 2001  
211/199/SS/ajr

**Umsögn Læknafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um eflingu félagslegs forvarnarstarfs, 14. mál.**

Læknafélag Íslands styður þau meginviðhorf, sem fram koma í þingsályktunartillögu um eflingu félagslegs forvarnarstarfs.

Tekur félagið ekki afstöðu til kostnaðaráætlunar tillögunnar.

Virðingarfyllst  
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands

Sigurbjörn Sveinsson  
formaður

Póstáritun/Address: Hlíðasmára 8  
IS-200 Kópavogur

Sími/Tel.: (354) 564 4100  
Fax: (354) 564 4106

Kt.: 450269-2639  
Netfang/e-mail: icemed@icemed.is



Alþingi  
Erindi nr. P 127/518  
komudagur 14.12.2001



Alþingi  
Hildur Njarðvík, nefndarritari  
150 REYKJAVÍK

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 4, 150 Reykjavík  
sími: 560 9500, bréfasími: 562 3068  
netfang: postur@mrn.stjr.is  
veffang: menntamalaraduneyti.is

Reykjavík, 12. desember 2001

Tilvísun: MMR01110395/43.410; 01.020/GS/þþ

Menntamálaráðuneyti hefur borist til umsagnar frá félagsmálanefnd Alþingis Íslendinga tillaga til þingsályktunar um eflingu félagslegs forvarnarstarfs. Í tillögunni felst að Alþingi feli ríkisstjórninni að vinna að rammaáæltun um eflingu hvers kyns félagslegs forvarnastarfs sem verði liður í aðgerðum til að berjast gegn notkun ávana- og fíkniefna, þroska félagsvitund og bæta andlegt og líkamlegt heilbrigði ungs fólks.

Fram kemur í tillögunni að heimilt verði að verja allt að 75 millj. kr. á árinu 2001 til að hefja framkvæmd átaksins og síðan allt að 200 millj. kr. árlega í fimm ár.

Í þessu sambandi skal bent á að ríkisstjórnin samþykkti 3. desember 1996 margvíslegar aðgerðir í fíkniefna- áfengis- og tóbaksvörnum. Stefna ríkisstjórnarinnar fól í sér að efla forvarnir einkum þær sem beint er að einstaklingum sem eru í áhættuhópum gagnvart notkun fíkniefna, áfengis og tóbaks.

Frá því að ríkisstjórnin samþykkti umrædda stefnu í forvarnamálum hefur verið unnið ötullega að framkvæmd stefnunnar á vegum margra ráðuneyta og stofnana í samstarfi við fjölmarga aðila þ.á.m. sveitarfélög og félagasamtök.

Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar hefur menntamálaráðuneytið m.a. skipulagt og unnið markvisst að forvarna- og fræðslustarfi í skólum landsins og stuðlað að styrkingu vímuvarna í skólum með ýmsum hætti. Lögð hefur verið áhersla á að auka þekkingu starfsfólks skóla á vímefnamálum og styrkja skóla við gerð vímuvarnaáætlana. Ráðuneytið hefur staðið að námskeiðum og stuðlað að rannsóknum sem nýst hefur við forvarnastarf. Þá hefur menntamálaráðuneytið stutt Jafningjafræðslu framhaldsskólanema.

Menntamálaráðuneytið telur mikilvægt að heildarsýn náist yfir allt það starf sem unnið er að á þessum vettvangi.

Hins vegar telur ráðuneytið óraunhæft að ákveðið sé fjármagn til framkvæmda án þess að gerð sé ítarleg verk- og kostnaðaráætlun og niðurstöður umræddrar úttektar liggir fyrir.

F.h.r.



Alþingi  
Erindi nr. P 127/591  
komudagur 14.1.2002

## UMBOÐSMAÐUR BARNA

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. janúar 2002  
Tilvísun: UB 0201/4.1.1

***Efni: Tillaga til þingsályktunar um eflingu félagslegs forvarnastarfs, 14. mál.***

Við er til bréfs félagsmálanefndar Alþingis, dagsett 28. nóvember 2001, þar sem óskað er eftir umsögn minni um ofangreinda tillögu.

Efling *félagslegs* forvarnastarfs er að mínu mati ákaflega þarft og tímabært framtak. Forvarnarstarf á ekki að felast eingöngu í fræðslu og áróðri, heldur einnig í að sjá unga fólkinu fyrir afþreyingu í formi heilbrigðs og *uppbyggjandi* félagsstarfs. Í þessu sambandi vil ég leggja þunga áherslu á mikilvægi þess að vandað verði til *úttektar* á félagsstarfi hvers konar, þannig að góður grundvöllur skapist til að setja fram markvissar og haldbærar tillögur til eflingar þessum mikilvæga þætti í daglegu lífi barnanna okkar.

Í greinargerð með tillögunni eru taldir upp nokkrir aðilar, er koma að félagsstarfi barna og unglinga og er þar sérstaklega litið til félagsmiðstöðva, en reynslan sýnir að þangað leita börn og unglingar mikið til tómstundaiðkunar. Þá vil ég taka undir það sem segir um mikilvægi þess að félagsstarfið sé fjölbreytt svo allir finni eitthvað við sitt hæfi, ekki síst unglingar á aldrinum 16-18 ára.



Ég tek heilshugar undir þær hugmyndir, sem fram koma í tillögunni og mæli með því að hún verði samþykkt.

Vrðingarfyllst,

Þórhildur Líndal